

Skipulagsstofnun
Rut Kristinsdóttir
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 17. september 2013
Tilvísun: UST20130900065/bs

Matsskylda vegna 66 kv. jarðstrengs og ljósleiðara milli Selfoss og Þorlákshafnar. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 9. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Hér er um að ræða lagningu 66 kv. jarðstrengs milli Selfoss og Þorlákshafnar. Strengleiðin fylgir að mestu leyti núverandi vegum og lagnaleiðum. Umhverfisstofnun telur að helstu umhverfisáhrif framkvæmdarinnar verði á kaflanum þar sem strengleiðin vikir frá Eyrarbakkavegi nr. 34 við Hreppamarkaskurð og þaðan að Óseyri. Á þessum kafla mun strengurinn liggja um svæði nr. 775 á náttúruminjaskrá. Verndargildi svæðisins er talið vera: „Fjölbreytt votlendi með gróskumiklum gróðri og fjölbreyttu fuglalífi.“


Strengleiðin mun einnig liggja um fuglafriðland í Flóa sem hefur verið skilgreint með hverfisvernd með samningi Árborgar og Fuglaverndarfélagss Íslands. Í samningnum er m.a. kveðið á um endurheimt votlendis og skipulag umgengni.


Umhverfisstofnun telur að strengurinn auk slóðar sem á köflum verður lögð meðfram honum muni hafa enn frekari neikvæð áhrif á votlendi og jafnframt skerða möguleika til endurheimtar votlendis. Umhverfisstofnun vill benda á að votlendi stærra en 3 ha skal njóta sérstakrar verndar sbr. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og ber að forðast röskun slíkra vistkerfa eins og kostur er.

Umhverfisstofnun telur að í samræmi við ofangreinda lagagrein hefði átt að leggja fram valkost varðandi legu umrædds jarðstrengs þar sem strengleiðin hefði fylgt Eyrarbakkavegi alla leið frá Selfossi að Óseyri og með þeim hætti forðast frekari röskun votlendis.

Umhverfisstofnun telur að fyrirhuguð framkvæmd muni hafa talsvert neikvæð áhrif á votlendi, en framkvæmdin í heild muni þó ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst


Adalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri


Björn Stefánsson
sérfræðingur